

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 171/1974. **Kjartan Margeirsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Málið dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. desember 1975. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 665.811 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. júní 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Löglega var gengið frá lyftu þeirri, sem áfrýjandi slasaðist í. Skiptir ekki máli, hvernig skilja beri lokasetningu 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972, þar sem frágangur lyftunnar var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 56/1929. Samkvæmt 37. gr. reglugerðar nr. 203/1972 er eigi skylt að breyta eldri lyftum, nema Öryggiseftirlit ríkisins krefjist úrbóta. Frágangur lyftunnar var með þeim hætti, að ekki verður virt starfsmönnum eiganda hennar til sakar, að hann var látinn óbreyttur. Þá verður eigi talið, að áfrýjandi geti byggt kröfu sína á því, að eigandi lyftunnar beri hlutlæga ábyrgð á slysi því, sem málið fjallar um. Efni eru því ekki til að leggja fébótaábyrgð vegna slyssins á stefnda, og verður niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

## D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1975.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Kjartan Mar-geirsson, Hvassaleiti 24 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. ágúst 1974, á hendur fjár-málaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær endanlegar dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 665.811 með 9% ársvöxtum frá 29. júní 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjaf-sóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og máls-kostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Hinn 1. júlí 1974 var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi í málinu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi þurfti að ná tali af tengda-móður sinni, sem var að störfum á 4. hæð í byggingu tollstöðvar-innar hér í borg að kvöldi 29. júní 1973. Fór hann upp á 4. hæð í lyftu, sem er á gangi í austurenda hússins. Ekki er hurð fyrir dyraopinu á sjálfum lyftustólnum. Er stefnandi var á leið niður aftur og hafði stutt á stjórnhnapp fyrir 1. hæð, studdi hann hægri hendinni á vegg lyftuganganna fyrir dyraopinu. Þegar svo lyftan færðist niður, klemmdist höndin milli lyftustólsins og veggjar. Hlaut stefnandi af þessu meiðsli, sem síðar verða rakin. Stefn-andi krafði stefnda sem eiganda byggingarinnar um bætur, en bótakröfunni var synjað. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til heimtu bótanna.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi þurft að fara upp á 4. hæð í toll-stöðvarbyggingunni til að hafa tal af tengdamóður sinni, Valgerði Eiðsdóttur, sem þar hafi verið að störfum við hreingerningar. Kveðst hann hafa farið upp á 4. hæð í sömu lyftunni og slysið varð í og hafi hann þá verið einn í lyftunni og staðið við hliðar-vegg. Kveðst stefnandi ekkert hafa hugsað út í það, að ekki var hurð fyrir dyraopinu á sjálfum lyftustólnum. Stefnandi kveðst

svo hafa haldið á brott, er hann hafði talað við tengdamóður sína. Kveðst hann þá hafa gengið að lyftunni, kvatt hana upp á 4. hæð og gengið inn í hana, er hún kom þangað. Hann kveðst svo hafa ýtt á stjórnhnapp fyrir 1. hæð, en stjórnhnappar séu á hægri hönd, þegar maður snúi að lyftudyrunum. Þegar hann hafði stutt á hnappinn, kveðst stefnandi hafa stutt hægri hendinni á vegginn, þar sem dyrnar eru. Þegar lyftan fór af stað, hafi hann ekki áttað sig á því, að dyraopið á lyftustólnum hafi ekki verið lokað, þ. e. engin hurð fyrir því, heldur eingöngu hurð fyrir dyrunum á hverjum stigagangi fyrir sig. Kveðst stefnandi ekki hafa orðið var við þetta, fyrr en hægri höndin hafi fest milli veggjar og lyftustólsins. Hann kveðst ekki hafa getað losað höndina og hafi lyftan haldið áfram niður á 1. hæð. Hafi hann þá fyrst getað losað höndina. Þá hafi verið farið að blæða mikið úr hendinni og hafi hann kennt mikilla eymsla. Stefnandi kveður tollvörð, sem hann hitti, er hann kom úr lyftunni, hafa ekið sér á slysavarðstofuna, þar sem gert hafi verið að meiðslunum. Stefnandi kveður ekkert skilti hafa verið í lyftustólnum eða utan hans, sem hafi varað við þeirri hættu, sem þarna er fyrir hendi. Hann kveðst hafa verið einn, þegar atburðurinn varð. Hann kveðst hafa verið í alla staði vel fyrirhallaður.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um atburðinn, dags. 5. júlí 1973, segir svo: „Tildrög slyssins: Slys þetta var ekki tilkynnt til eftirlitsins fyrr en 5.7.-73 né til lögreglu eða húsvarðar hússins. Lyfta þessi var tekin í notkun 1970 og uppsett eftir reglum þess tíma, og er þar krafist, að bil milli stóls og veggjar sé ekki meira en 2,5 cm.

Umsögn eftirlitsmanns:

Samkvæmt reglugerð um lyftur, sem sett er 1972, er þess krafist, að bil milli stóls og þils, er snýr að lyftustólsdyrum að ofan, sé minnst 75 mm. Orsök slyss þessa má rekja til þessa vanbúnaðar á lyftunni, sem ekki var þá hægt að krefjast við úttekt hennar samkv. áðurgreindum skýringum. Lyftan verður því að hafa talist í fullkomnu lagi, þegar slysið skeði. Það eru furðulegir tilburðir slasaða að þurfa að halla sér að þessum vegg lyftunnar, sem var sá eini af fjórum, sem möguleiki var á að skaða sig á. Eðlilegast er að standa kyrr í lyftunni, eftir að gangsetning hefur átt sér stað, og sér í lagi þar sem ekki var um neina þröng að ræða, því hún er byggð fyrir 4 farþega. Gerðar voru kröfur um lagfæringar og vitnað til nýju reglugerðarinnar, og var þar hafist handa strax og lagfæringum lokið kl. 16.00 5.7. 1973. Orsök slyssins tel ég

vera vanbúnað við dyrabúnað lyftustólsins, sem ekki var þó hægt að krefjast við úttekt lyftunnar samkvæmt reglugerð um búnað á lyftum 1970, svo og að mestu furðulega tilburði slasaða á ferð sinni niður í lyftunni.“

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 12. júní 1974, var óskað umsagnar Öryggiseftirlits ríkisins um eftirfarandi atriði:

- „1. Gat Öryggiseftirlitið krafist þess, að lyftunni í Tollstöðinni yrði breytt til samræmis við reglugerð um lyftur frá 1972, þó svo að lyftan hafi verið í samræmi við reglur um lyftur, er hún var sett upp árið 1970? Ef ekki, hvers vegna var hafist handa um breytingar á lyftunni strax eftir að Öryggiseftirlitið kom á staðinn þann 5/7 1973?
2. Hvenær fór síðasta skoðun fram á lyftunni af hálfu Öryggiseftirlitsins fyrir slysið og hvaða athugasemdir voru gerðar við þá skoðun, ef þeim var til að dreifa?“

Í svari stofnunarinnar, dags. 20. júní 1974, segir svo:

- „1. Öryggiseftirlitið gat, sbr. 3. lið 37. gr. reglugerðar frá 20. júlí 1972, gert kröfu til lagfæringar á þeim vanbúnaði, sem skoðunarmaður Hákon Þorsteinsson getur um í skýrslu um slysið, dags. 5. júlí 1973.
2. Síðasta skoðun á lyftunni fyrir slysið fór fram 21. nóvember 1972. Þá voru engar athugasemdir gerðar við ástand lyftunnar, enda talið eðlilegt og gert ráð fyrir, að kröfur um lagfæringar samkvæmt hinni nýju reglugerð kæmu almennt ekki til framkvæmda við lyftur, sem áður höfðu hlotið samþykki eftirlitsins, fyrr en eftir árslok 1972, þegar árlegri skoðunaryfirferð við lyfturnar á öllu landinu væri lokið. Vegna sérstakra atvika, þ. e. slyssins, var þó við skoðun hinn 5. júlí 1973 gerð krafa um lagfæringar á téðri lyftu, sbr. skýrslu um lyftuskoðun no. 2021. Þeirri kröfu var strax framfylgt.“

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 12. september 1973, segir svo um ástand stefnanda við komuna í slysavarðstofuna og meðferð þá, sem stefnandi hlaut:

„Þann 29/6 '73 kl. 20.15 kom Kjartan Margeirsson hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla á fingrum hægri handar, sem hann hafði orðið fyrir skömmu áður þetta sama kvöld.“

Kvaðst hann hafa stutt hægri hendi á hurð í lyftu og klemmst og meitt sig þannig, þegar lyftan fór af stað.

Hringur var á baugfingri, hafði hringurinn skekkst og skorist inn í fingurinn lófamegin á efstu kjúku. Grunn sár voru líka á vísifingri og löngutöng. Mikil bólga var um efsta lið baugfingurs og talsverður snúningur og skekkja á fingrinum, sem benti til brots.

Röntgenmyndir voru teknar af fingrum hægri handar. Brot sást í gegnum efstu kjúku á fjórða fingri, og var um rúmlega 20° skekkju að ræða milli brotanna. Sárin á fingrinum voru saumuð saman, og brotið var lagfært (reponerað) og sett í stuðningsumbúðir. Röntgenmynd, sem tekin var eftir aðgerðina, sýndi svo til hárrétta brotstöðu (anatomiskur situs).

Kjartan kom áfram til eftirlits á Slysadeildina, alls 7 sinnum.

Röntgeneftirlit þann 20/7 '73 sýndi, að brotið var farið að gróa saman, og staða brotsins var góð.

Þann 3/8 '73 voru spelkur teknar og settar á léttar umbúðir.

Þann 17/8 '73 litu fingurnir orðið nokkuð vel út, og var Kjartan farinn að hreyfa baugfingur sæmilega vel.

Síðan kom Kjartan til eftirlits þann 6/12 '73. Kvaðst hann þá hafa náð sér nokkurn veginn alveg í fingrinum, tilfinning var eðlileg. Hann kvaðst ekki vera kulsækinn, og kraftar voru svipaðir og áður. Nokkur aukinn gildleiki var á baugfingrinum ofan við efsta kjúkulið. Húðin var eðlileg og sárið lófamegin vel gróið. 10° vantaði upp á fulla réttingu í efsta lið. Beyging (flexion) var óhindruð að kalla, eða svipað eins og á baugfingri hinnar handarinnar. Hreyfingar í fremsta kjúkulið voru eðlilegar.

Kjartan var óvinnufær vegna þessa framangreinda slyss frá 29/6 '73 — 31/8 '73.

Kjartan hefur ekki komið til eftirlits síðan í desember '73, en ég geri mér vonir um, að hann muni hafa náð sér nokkurn veginn alveg eftir þetta framangreinda meiðsli.

Vottorð þetta er skrifað að beiðni Páls S. Pálssonar, hrl., og er stuðst við upplýsingar í sjúkraskrá Kjartans í Slysadeild Borgarspítalans.“

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 24. janúar 1975, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Af slystað var slasaði fluttur í slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og liggur fyrir vottorð, ritað af Tryggva Þorsteinssyni, lækni, dagsett þann 12/9 '74, og segir í því, að umræddur Kjartan

hafi komið í slysadeild Borgarspítalans þann 29/6 '73 kl. 20.15 vegna meiðsla, er hlutust af því, að hægri hönd klemmdist í lyftu. Slasaði hafði hring á baugfingri hægri handar, og hafði hringurinn skekkst og skorist inn í baugfingur hægri handar, lófamegin, á efstu kjúku. Auk þess voru grunn sár á vísifingri og löngutöng. Mikil bólga var sögð í efsta lið baugfingursins og talsverður snún-ingur og skekkja á fingrinum, sem benti til brots, enda sýndu röntgenmyndir, sem teknar voru af fingrum hægri handar, að brot væri gegnum efstu kjúku á 4. fingri, og var rúmlega 20° skekkja milli brotanna. Sárin á fingrinum voru saumuð saman og brotið lagfært og sett í stuðningsumbúðir, og sýndi röntgenmynd, eftir aðgerð, hárrétta stöðu brotsins. Kjartan kom til eftirlits í slysadeild Borgarspítalans alls 7 sinnum, og kemur fram í vottorði, að hann hafi verið óvinnufær í fulla 2 mánuði eftir þetta slys.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, lækni, segir, að hann hafi síðast séð Kjartan þann 7/12 1973, og kvaðst hann þá hafa náð sér nokkurnveginn í fingrinum, sérstaklega er tekið fram, að tilfinning var eðlil. og kraftar svipaðir og áður, en ennþá er getið nokkuð aukins gildleika á fingrinum og við efsta kjúkuliðinn. Þá vantaði 10° upp á fulla réttingu í efsta lið.

Undirritaður skoðaði slasaða í dag, og er fingurinn nú alveg eðlil. að sjá, nema hvað mjög vel gróin ör eru lófamegin og annað smá ör handarbaksmegin. Engar skekkjur eru sýnilegar, og vart er um að ræða gildleikamun á baugfingrum. Beygigetan er eðlil. og réttigeta sömuleiðis, þótt aðeins vanti á dorsal flexio í grunnlið hægri baugfingurs. Kraftar virðast alveg jafnir í báðum baugfingrum, en Kjartan segir, að hann sé kulvísari á þessum fingri nú en hann var fyrir slysið. Auk þess kveðst hann finna til óþæginda, ef hann taki mikið á með fingrinum.

Ályktun: Tæplega þrítugur karlmaður, sem varð fyrir slysi fyrir 1½ ári, þannig að baugfingur hægri handar klemmdist milli lyftustóls og veggjar, þannig að efsta kjúka á fingrinum brotnaði, og var um 20° skekkja milli brotanna. Auk þess hlaut hann sár á fingurinn, lófamegin, og skrámur á aðliggjandi fingur. Gert var að sárum þessum á venjulegan hátt og brotið lagfært, og fékkst hárrétt staða. Sárin gréru á eðlil. hátt, og tæpu 1/2 ári eftir slysið er talið, að fingurinn hafi jafnað sig að fullu, nema þá vantaði 10° upp á fulla réttingu í efsta lið. Vegna slyss þessa var Kjartan frá vinnu í 2 mánuði. Undirritaður skoðaði slasaða í dag, og kom í ljós, að fingurinn var alveg eðlil. að öðru leyti en því, að vel

gróin ör saúst, bæði dorsalt og volart, á fingrinum og örlítið vant-  
aði á dorsal flexio í grunnlið fingursins. Þar sem telja verður, að  
um frekari afleiðingar slyss þessa verði ekki að ræða, er tímabært  
að meta örorku, er af því hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í 2 mánuði.

Síðan 50% næstu 2 mánuði.

Um varanlega örorku er ekki að ræða.“

Krafa stefnanda er byggð á því, að slyss það, sem stefnandi varð  
fyrir, verði rakið til vanbúnaðar lyftunnar, þar sem búnaður  
hennar hafi ekki fullnægt ákvæðum reglugerðar þeirrar, sem í  
gildi var, er slysið varð, þ. e. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972  
um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem  
öðlast hafi gildi 1. september 1972. Samkvæmt ákvæði þessu skuli  
bil milli þakbrúnar lyftustóls að vegg í lyftugöngum ekki vera  
minna en 7.5 cm, en við umrædda lyftu hafi bil þetta aðeins verið  
2.5 cm. Er því haldið fram, að þótt gert sé ráð fyrir því í 37. gr.  
reglugerðarinnar, að nokkur frestur sé veittur til að færa búnað  
eldri lyftna til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar og þótt Öryggiseftirlit  
ríkisins hafi leyft notkun lyftunnar í þessu ástandi,  
þá leysi það eiganda lyftunnar ekki undan ábyrgð, því honum  
beri að hafa lyftuna í fullkomlega löglegu ástandi, sbr. ákvæði  
32. gr. reglugerðarinnar. Er því haldið fram, að lyftur sem þessi,  
þar sem ekki sé hurð fyrir dyraopi lyftustólsins, séu hættulegri  
en hinar, sem eru með slíka hurð, því sú hættu sé fyrir hendi, að  
farþegar komi við vegg lyftugangs og verði á milli, eins og atvik  
máls þessa sýni. Ekki sé neitt í lyftunni eða við hana, sem vari  
við þessari hættu. Er því haldið fram, að ef bilið milli veggjar  
lyftugangs og efri brúnar lyftustóls hefði verið 7.5 cm, séu allar  
líkur til þess, að stefnandi hefði getað kippt að sér hendinni og  
þá hefði slysið ekki orðið. Er því og haldið fram, að stefndi hafi  
ekki tilkynnt slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, svo sem beri að  
gera skv. 2. tl. 32. gr. reglugerðar nr. 203/1972, og verði hann því  
að bera allan halla, sem skortur á sönnunum á atvikum að slysinu  
kunni að hafa í för með sér. Því er að lokum haldið fram, að  
stefnanda verði ekki kennt um slysið og því beri að leggja fébóta-  
ábyrgð á tjóni stefnanda að öllu leyti á stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lyfta sú, sem umrætt  
slyss varð við, sé lítil hæggeng lyfta, sem fyrst og fremst sé ætluð  
tollþjónum og öðrum starfsmönnum tollgæslunnar, en ekki þeim  
stóra hópi fólks, sem daglega eigi erindi í opinberar stofnanir, sem  
séu til húsa í byggingunni. Til þeirra nota séu hins vegar lyftur

við aðalinngang hússins, er séu á ýmsan hátt frábrugðnar lyftu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, m. a. hraðgengari og með hurðum fyrir dyrum lyftustóls. Lyfta sú, sem hér er fjallað um, hafi verið sett upp á árinu 1970, er í gildi hafi verið reglugerð nr. 56/1929 um eftirlit með lyftum, og hafi lyftan fullnægt öllum kröfum þeirrar reglugerðar. Samkvæmt þeirri reglugerð hafi verið mælt fyrir um það, að í lyftum, sem ekki hefðu hurð fyrir dyrum lyftustóls, skyldi bil milli brúna lyftustóls og veggjar mest vera 2.5 cm og hafi búnaður lyftunnar verið í samræmi við það. Hinn 1. september 1972 hafi svo gengið í gildi reglugerð nr. 203/1972, sem leyst hafi af hólmi reglugerð nr. 56/1929. Í 9. tl. 14. gr. hinnar nýju reglugerðar sé mælt fyrir um, að fjarlægð frá þakbrún að vegg skuli vera 7.5 cm, en hvergi sé gert ráð fyrir, að þessu skuli breytt í lyftum, sem settar voru upp í gildistíð eldri reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. og 3. tl. 37. gr. hinnar nýju reglugerðar sé Öryggiseftirliti ríkisins heimilað að krefjast breytinga á einstökum lyftum, telji það slíkt nauðsynlegt af öryggisástæðum, en ekki sé gerð frekari grein fyrir því, til hvaða atriða þetta nái. Er á það bent, að skoðun á lyftunni hafi farið fram í nóvembermánuði 1972 og hafi Öryggiseftirlit ríkisins ekki séð ástæðu til að krefjast breytinga á búnaði lyftunnar. Er því haldið fram, að þótt stefnubreyting hafi orðið hjá opinberum aðiljum varðandi úrræði til að koma í veg fyrir, að menn klemmist milli lyftustóls og veggjar, geti hvorug leiðin fyrirfram útilokað alla slysaættu. Er því haldið fram, að lyftan hafi verið í fullkomnu lagi og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda og hvorki hafi nýja reglugerðin sjálf né Öryggiseftirlit ríkisins mælt fyrir um breytingu. Ekki hafi heldur gefist tilefni til að breyta búnaði lyftunnar af öðrum ástæðum. Því hafi starfsmenn stefnda verið í góðri trú um, að búnaður lyftunnar væri öruggur. Því sé ekki grundvöllur til að telja, að um hafi verið að ræða saknæman vanbúnað lyftunnar, er leiði til bótaskyldu stefnda á tjóni stefnanda. Breyti þar engu um, þótt breyting hafi verið gerð eftir slysið. Þá er því haldið fram, að seinkun á að tilkynna slysið Öryggiseftirliti ríkisins breyti ekki neinu um ábyrgð stefnda, enda sé atvik að slysinu upplýst að fullu. Þá er því mótmælt, að fébótaábyrgð verði felld á stefnda á grundvelli hlutlægrar fébótaábyrgðar, svo sem lagt virðist til grundvallar af hálfu stefnanda, enda sé ekki lagaheimild til slíks. Þá er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á slysinu, enda hafi hann sýnt af sér stórkostlega óvarkárni með því að styðja hendinni í algeru hugsunarleysi á vegg

lyftugangsins. Er því haldið fram, að stefnanda hafi mátt vera það augljóst, að hurð var ekki fyrir dyrum lyftustólsins, enda hafi hann áður verið búinn að ferðast með lyftunni. Þá er því og haldið fram, að lyftan sé það hæggeng, að stefnandi hafi átt að geta kippt hendinni að sér í tæka tíð, en einnig hafi hann átt að geta stöðvað lyftuna með því að styðja með vinstri hendinni á hnapp þann, sem til þess er ætlaður, og hefðu meiðsli stefnanda þá orðið óveruleg.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 56/1929 um eftirlit með lyftum segir svo: „Engar hurðir þarf á dyragáttum lyftustólsins, ef tryggt er að allir veggir og hurðir svelgsins á inngönguhlið séu sléttar og ekkert sem nemur inn í svelginn og stóllinn er ekki meira en 2.5 cm. frá veggjum.“ Með setningu reglugerðar nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem sett var með stoð í lögum nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og öðlaðist gildi 1. september 1972, var reglugerð nr. 56/1929 felld úr gildi. 9. tl. 14. gr. hinnar nýju reglugerðar er svohljóðandi:

„Við sjálfvirkar fólks-lyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án úti-standandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm. Fjarlægð frá þakbrún til veggjar 7,5 cm.

Í lyftustólum án grindar í dyrum má í stað hreyfanlegs gólfs nota rekstraröruggan tímaliða. Veggur og hurðir í dyrum lyftuganga skulu málaðir mismunandi litum.

Listar, sem ekki liggja lóðrétt og kunna að standa út úr vegg lyftuganganna mega ekki standa lengra en 3 mm út úr honum og þá skulu brúnir þeirra skásniðnar þannig, að hliðarnar myndi 20° horn við lóðréttan flöt.

Sams konar listar, sem eru lóðréttir, skulu sniðnir á endanum 20° horn við lóðréttan flöt.“

Ákvæði 37. gr. reglugerðar nr. 203/1972 eru svohljóðandi:

- „1. Þar sem ákvæði reglugerðar þessarar eru strangari en eldri ákvæði, má veita undanþágu frá þeim, ef um er að ræða lyftur, sem verið er að setja upp, þegar reglugerð þessi tekur gildi, eða keyptar hafa verið til landsins fyrir þann tíma.
2. Eigi að umbyggja eldri lyftu, auka við hana, eða framkvæma

á henni svo miklar breytingar eða endurbætur, að talist geti aðalviðgerð, skal það gert samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Ef um minniháttar breytingar er að ræða, getur Öryggis-  
eftirlitið krafist þess, að farið sé eftir ákvæðum reglugerðar-  
innar að svo miklu leyti, sem kann að þykja nauðsynlegt af  
öryggisástæðum.

3. Við eldri lyftur, sem ekki fullnægja kröfum reglugerðar þess-  
arar, getur Öryggiseftirlitið krafist þeirra úrbóta, sem af  
öryggisástæðum kunna að þykja nauðsynlegar.“

Aflað hefur verið umsagnar Öryggismálastofnunar ríkisins um  
niðurlagsákvæði 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972.  
Segir þar svo:

„Vegna fyrirsagnar yðar skal eftirfarandi upplýst:

Í 9. tl. 14. gr. reglug. 203/1972 stendur meðal annars: „Fjar-  
lægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftu-  
göngum má ekki vera meiri en 15 mm. Fjarlægð frá þakbrún til  
veggjar 7,5 cm.“

Ég tel, að þótt þýðing síðari setningarinnar í þessari tilvitnun  
geti valdið tvisýnum skilningi í augum þeirra, sem ekki þekkja  
til lyftubúnaðar, þá sé þýðing hennar ótvíræð í augum þeirra,  
sem starfa við lyftubjónustu. Það er setja þær upp, halda þeim  
við og hafa eftirlit með þeim. Við teljum, að 7,5 cm eigi að þýða  
lágmark, það er að setningin skiljist þannig, að fjarlægð frá þak-  
brún til veggjar sé minnst 75 mm, enda veit ég ekki til, að þessi  
umrædda fjarlægð hafi nokkurs staðar verið höfð of lítil vegna  
vanþekkingar á þessu eða misskilnings á þessari grein, þótt hana  
megi auðvitað lagfæra til gleggri skilnings.

Þegar reglugerð þessi var í undirbúningi, sem mun hafa verið  
árið 1968, var þáverandi öryggismálastjóra send drög að nýrri  
reglugerð frá Svíþjóð.

Í drögunum er maðal annars gert ráð fyrir, að þetta umrædda  
bil sé svipað og nú er í íslensku reglugerðinni.

Í þessum sænsku drögum segir meðal annars: „ved person-  
förende elevatorer skal overholdes afstande fra skaktvæg på  
70 ± 10 mm til stolåbningens overkant“ o. s. frv.

Ég tel, að við þetta hafi meðal annars verið stuðst, þegar ís-  
lenska reglug. var samin.

Í code of practice for the safe construction and installation of  
electric passenger, goods and service lifts, sem ILO birtir 1972,  
segir í kafla um Running clearance A7.1.1c:

„When the clear height of the car entrance is less than 8 ft 3 in (2,50 m) the clearance between the top of the car entrance and the facing wall of the well should be between  $2\frac{3}{4}$  and  $4\frac{3}{4}$  in (7—12 cm).“

Af þessu má einnig telja víst, að orðalagið á ísl. reglugerðinni eigi við *minnst* 7,5 cm.“

Samkvæmt því, sem komið er fram af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins í málinu, þykja ekki efni til annars en að leggja til grundvallar, að umrædd lyfta hafi fullnægt ákvæðum reglugerðar nr. 56/1929, er slysið varð.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér umrædda lyftu. Gólfflötur lyftustólsins er að innanmáli tæpur 1 m<sup>2</sup>. Ekki er hurð fyrir dyraopi sjálfs lyftustólsins, en hurðir fyrir dyraopum að lyftugangi á hverri hæð. Hæð frá gólfi upp á stjórnborð er um 146 cm. Hæð dyraops lyftustólsins er um 2 m. Við vettvangsskoðun kom í ljós, að lyftustóllinn byrjar að hreyfast sem næst um leið og stutt er á stjórnhnappa.

Dómurinn lítur svo á, að við lestur niðurlagsákvæðis 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972 hafi verið eðlilegt að álykta, að verið væri að kveða á um hámarksfjarlægð, þótt umsögn Öryggiseftirlits ríkisins taki nú af allan vafa um það, til hvers sé ætlast með ákvæði þessu. Þykir því ekki verða byggt á því, að um saknæman vanbúnað lyftunnar hafi verið að ræða að þessu leyti. Hafði Öryggiseftirlit ríkisins ekki krafist breytinga á bún- aði lyftunnar eftir gildistöku reglugerðar nr. 203/1972. Hvorki er í eldri reglugerðinni né hinni nýju krafist sérstakra varúðarskilta við lyftur af þessari gerð. Sá hættueiginleiki lyftunnar, sem varð virkur, er slys þetta varð, þykir ekki svo veigamikill, að grundvöllur sé til að leggja á stefnda hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessa atriðis. Stefnandi hafði notað umrædda lyftu, áður en hann kom í húsið í þetta skipti. Mátti honum vera ljóst, að ekki var sérstök hurð fyrir dyrum lyftustólsins og að hurðin fyrir dyrunum að lyftugöngunum og veggur þeirra hreyfðist ekki með lyftunni. Stefnandi var einn í lyftunni og þurfti því ekki að standa við dyrnar. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið bent á tiltekin atriði, er áhrif kunna að hafa á fébótaábyrgð stefnda, sem ekki hafi tekist að upplýsa í málinu. Þykir slys þetta eingöngu verða rakið til gáleysis stefnanda. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ekki grundvöllur til að leggja fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins á stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 50.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Kristjáni Flygering og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingum.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Margeirssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. september 1977.

Nr. 8/1977. **Ingi B. Ársælsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

**Metu Hiki**

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Uppboð.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. janúar 1977. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang uppboðs á íbúð á efstu hæð til vinstri (4. hæð) í húsinu nr. 10 við Stigahlíð. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.